

Hvernig fá sveitarfélög heildaryfirsýn yfir alla starfsemi og rekstur í einni lausn?

AppliCon sveitarfélög er heildarlausn sem byggð er á SAP, alþjóðlegum hugbúnaði, og þróuð með þarfir íslenskra sveitarfélaga í huga. Lausnin hentar bæði stórum og smáum byggðarlögum.

Með SAP eru möguleikum til vaxtar ekki settar skorður og samþætting við alla helstu hugbúnaðarstaðla til staðar. AppliCon sveitarfélög veitir þér aðgang að réttu verkfærunum sem nauðsynleg eru til að sinna framsækinni og framúrskarandi þjónustu í nútíma samfélagi. SAP er raunhæfur valkostur fyrir sveitarfélög sem vilja horfa til framtíðar í uppbyggingu upplýsingakerfa sem styðja skilvirka kostnaðarstjórnun. Lausnir AppliCon sveitarfélög eru eftirfarandi:

- Vefviðmót fyrir starfsmenn og íbúa
- Fjárhagslausn
- Vöruhús gagna
- Eignaumsýsla
- Mannauðslausn
- Vörustjórnun
- Launalausn
- Áætlanagerð
- Fasteignalausn

Kostir sveitarfélagalausnar AppliCon

Starfsemi sveitarfélaga er í eðli sínu margþætt og umfangsmikil. Allt frá rekstri leikskóla og innheimtu á fasteignagjöldum til leigu á húsnæði og félagslegrar þjónustu við íbúa. Upplýsingakerfi sveitarfélaga þarf því að vera bæði sveigjanlegt, skilvirkt og með greiðum aðgangi að upplýsingum til viðeigandi aðila. Með því að vera með alla starfsemina í einu kerfi fá stjórnendur betri yfirsýn yfir reksturinn auk þess vinna notendur alla sína vinnu í sama umhverfi.

- Aukið aðgengi að upplýsingum til ákvarðanatöku, áætlanagerðar og stýringar á kostnaði.
- Hraðari og skilvirkari stjórnunar- og þjónustuferli í opinberri stjórnsýslu.
- Tvískráning upplýsinga heyrir sögunni til í samþættu upplýsingakerfi.
- Vefviðmót sem gefur öllum íbúum sveitarfélags kost á sjálfsafgreiðslu.
- Kröftugt og háþróað kerfi fyrir stór eða smá byggðarlög en 1500 sveitarfélög í 53 löndum nota nú SAP Public Sector.



AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfirmi á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og eru starfsmenn fyrirtækisins um 200 talsins. Hjá AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsti framleiðandi viðskiptahugbúnaðarlausna í heiminum og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

Lausnir AppliCon eru sérsníðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir AppliCon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn AppliCon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum AppliCon góða og örugga þjónustu.

Upplýsingagátt á vefsíðu sveitarfélags

Sífelld fleiri sveitarfélög nýta sér tækifæri til aukinnar þjónustu við íbúa með vefviðmóti. Vefgátt gefur íbúum kost á gagnvirkri þjónustu þar sem þeir geta verið í öruggum rafrænum samskiptum við sveitarfélagið. Þannig er t.a.m. hægt að fara inn á vefinn og sjá greiðslufyrirkomulag og umsóknarferli vegna ýmiss konar þjónustu, t.d. leikskóla. Starfsmenn hafa einnig aðgengi að sínum upplýsingum í gegnum vefviðmót. Þeir geta þar t.a.m. breytt persónuupplýsingum sínum, skoðað launaseðla og stöðu orlofs og skráð sig á námskeið.

Samhæfing allra fjárhags- og viðskiptaupplýsinga

Fjárhagskerfi SAP leggur starfsmönnum til ný verkfæri til að takast á við breytt umhverfi og gerir sveitarfélögum kleift að bregðast hratt við breytingum á reglum um framsetningu reikningsskila. Fjárhagskerfið heldur utan um alla ferla í kringum lánadrottna og viðskiptamenn auk hefðbundins bókhalds. Öll innri viðskipti milli stofna og fyrirtækja sveitarfélagsins eru sjálfvirk. Innra bókhald lausnarinnar býður uppá ítarlega greiningu á rekstri hvort sem er á afkomu einstakra verkefna eða málaflokka. Bankatengingar og kröfukerfi sjá síðan um öll rafræn samskipti við fjármálastofnanir og tengda aðila.

Innkaup – Verkbókhald – Sala

Vörustjórnun í SAP inniheldur heildarferli innkaupa, verkboðhalds, viðhaldskerfis og sölu. Söluhlutinn heldur utan um þjónustusamninga og sölu á vörum og þjónustu, s.s. fasteignagjöld og leikskólagjöld. Verkbókhald í SAP heldur utan um útseld og innri verk sveitarfélagsins. Viðhaldshlutinn heldur utan um viðhald á tækjum og eignum, þ.á.m. fyrirbyggjandi viðhald.

Samþætting eignaumsýslu

Eignakerfi SAP tryggir að kostnaður sem fylgir eignum verður sýnilegri og aðskilnaður daglegs rekstrar og rekstrar eignar verður skýrari. Afskriftir uppfærast og bókast sjálfkrafa mánaðarlega auk þess sem haldið er utan um íslenskar afskriftaraðferðir, þ.e. skatta og fráviksaðferð.

Fjárhagsáætlanir og stefnumótunarstjórnun

Vöruhús gagna er sveigjanlegt tól til að greina rekstrarupplýsingar frá sjónarhóli stjórnenda í mörgum víddum. Áætlanagerð er byggð á vöruhúsi gagna til að hámarka möguleika á samþættingu og dreifingu upplýsinga. Einnig er stutt við stefnumótunarstjórnun (e. Balanced Scorecard) þar sem sett eru ákveðin markmið, bæði hvað varðar almenna starfsemi, framkvæmdir og almenna fjármálastjórn.

Mannauðslausn

SAP Mannauðslausn styður allt ferli mannauðsstjórnunar frá ráðningu til starfspróunar. Þannig hjálpar SAP við að finna rétta fólk, nýta hæfileika þeirra sem best, hámarka nýtingu þjónustunnar og viðhalda hámarksárangri innan fyrirtækis.

Fullkomið íslenskt launakerfi

SAP Laun er fullkomið íslenskt launakerfi sem uppfyllir allar kröfur er varða íslenskan launaútreikning. Þar má nefna skilyrði vegna lífeyrissjóða, stéttarféлага, skatta, starfsaldurs o.fl. Einnig má bæta við nýjum útreiknireglum, s.s. tryggingum og sjálfvirkum sparnaði.